


BRYÑID



10. árg. 3. tbl.

Fréttablað Félags áhugamanna um trúskurð

Okt. 2005

Aðalfundarboð

Aðalfundur Félags áhugamanna um trúskurð verður haldinn í veitingahúsinu Gaflinn í Hafnarfirði, efri hæð, þriðjudagskvöldið 22. nóvember nk. kl. 20:00 stundvislega.

Dagskrá fundarins er venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál.
Eftir kaffihlé verður gluggað í útskurðarbækur félagsins og skoðaðar teikningar.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta á fundinn og taka með sér nýja félaga.

Formannsspjall:

Hvítum töfrum falda fjöll
Feigð að blómum setur.
Byggir glæsta gerfihöll
Gamli karlinn vetur.

Þannig sá móðir mín vetrarkomuna einn góðviðrisdag í byrjun vetrar, en síðastið hvetur margan trúskurðarmanninn til að taka til hendinni og búa til sín hagleiksverk. Frá því að síðasta fréttablað kom út hefur hin árlega vorsýning félagsins verið haldin í Háteigskirkju. Sýning sem þessi hefur skapað sér ákveðinn og fastan sess í starfi félagsins á sl tíu árum. Heiðursgestur sýningaránnar var að þessu sinni Jón Jóhann Magnússon húsgagnasmiður og ágætur trúskurðarmaður.

Mikill undirbúningur hefur verið í gangi varðandi tíu ára afmælissýningu félagsins, 11.-19. mars í Ráðhúsi Reykjavíkur. Sýningarnefnd hefur ásamt formanni starfað í sumar að undirbúningi við að hafa samband við félagsmenn sem áður hafa sýnt hjá féluginu, með það í huga að fá verk hjá þeim á sýninguna.

Vetrarstarfið er nú að fara af stað eins og sést vel í þessu fréttablaði. Við byrjum á aðalfundi nú í nóvember og höldum jólafund í desember, þar sem jólaföndur og tálgun er á dagskrá og fáum þær ágætu konur í Heimilisiðnaðarféluginu til liðs við okkur. Á nýju ári verður teiknikennsla í febrúar, teiknisamkeppni og afmælissýningin í mars. Ferðin austur fyrir "Fjall", sem í ráði var að fara í haust, verður svo lokaverkefni vetrarins.

Ég vona að allir finni eitthvað við sitt hæfi og að við sameinumst um að gera vetrarstarfið sem skemmtilegast.

Friðgeir H. Guðmundsson.

Dagskrá haustmisseris:

Nóvember: 22. nóvember, þriðjudagskvöld kl. 20:00 verður **aðalfundur** félagsins haldinn í veitingahúsinu Gaflinn í Hafnarfirði, efri hæð. Mætum öll.

Desember: 10. desember, laugardag kl. 13:30 verður **jólfundur** félagsins, í samvinnu við Heimilisiðnaðarfélag Íslands, haldinn að Laufásvegi 2. Bjarni Þór Kristjánsson og Sigurjón Gunnarsson kenna okkur að tálga jólaveina. Ekki missa af þessu.

Teiknisamkeppni:

Eins og félagsmönnum er kunnugt efndum við í fyrra til teiknisamkeppni, en fengum ekki inn teikningar. Nú prófum við aftur í trausti þess að félagsmenn taki þátt nú þegar framundan er afmælisár.

Teikning fyrir tréskurð. Teikningin þarf að vera ætluð fyrir útskurð, ný, frumsamin og þannig úr garði gerð að hægt sé að vinna eftir henni.

Teikningunni skal skila í lokuðu umslagi til Friðgeirs Guðmundssonar, Melalind 12, 201 Kópavogi, fyrir **1. febrúar 2006**. Teikningin sé merkt með dulnefni og fylgi nafn teiknarans með í lokuðu umslagi merktu sama dulnefni.


Veitt verða þrenn verðlaun, en áskilinn er réttur til að falla frá veitingu einstakra verðlauna ef ekki koma inn ásættanlegar teikningar. Skipuð verður 3. manna dómnefnd. Fyrirhugað er að sýna þær teikningar sem fá viðurkenningu á afmælissýningu félagsins.

Afmælissýningin:

Í tilefni af 10 ára afmæli félagsins heldur það afmælissýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur í mars á næsta ári. Við hvetjum alla félagsmenn til þátttöku. Sýnendur tilnefna 5-6 verka sinna.

Sýningarnefnd heimsækir þá, myndar verkin og velur síðan 3 þeirra á sýninguna. Það tryggir fjölbreytni og samræmi. Við erum að hringja í þá sem hafa sýnt áður, en okkur vantar einhver nöfn frá fyrstu árunum og símanúmer. Við biðjum þá sem ekki hefur verið haft samband við að hringja í Bjarna Þór í síma 5684654/6976294. Þeir félagar sem enn hafa ekki sýnt eru hjartanlega velkomnir.

Með kveðju frá sýningarnefnd.



Tréskurðarnámskeið:

Fyrirhugað er 5 daga námskeið með ítalska trélistamanninum Giuseppe Rumerio í lok febrúar. Upplýsingar veitir Jón Adólf í s. 8966234.

Brýnið

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð
Melalind 12,
201 Kópavogur
Heimasíða Félags áhugamanna um tréskurð
<http://www.simnet.is/samvil/treskurdur>

Friðgeir Guðmundsson,
Melalind 12
201 KÓPAVOGUR

